



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og barnamálaráðuneyti
b/t Jóhönnu Þórunnar Pálsdóttur, lögfr.
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 27. september 2023

2309032SA VRB/KÓ
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn. Áform um breytingar á lögum um framhaldsskóla. Mál nr. 157/2023 í samráðsgátt stjórnvalda

Vísað er til fyrirliggjandi áformaskjals í samráðsgátt stjórnvalda í **máli nr. 157/2023**.

Um forsögu og tilefni kemur fram í áformaskjali að kominn sé tími til að gera breytingar á nokkrum ákvæðum laganna sem hafa það að markmiði að aðlaga löggjöf að breytingum á framhaldsskólum. Er m.a. áformað að skoða hvort ástæða sé til þess að breyta reglum um innritun í framhaldsskóla. Að mati mennta- og barnamálaráðuneytisins veita nógildandi lög ekki fullnægjandi lagastoð fyrir nauðsynlegum umbótum í framhaldsskólum vegna vinnustaðanáms, innritunar nemenda, viðbragða við ofbeldismálum og samningsgerðar við einkaaðila um framhaldsskóla og námsbrautir á framhaldsskólastigi.

Í ljósi þess að úrlausnarefnið er að endurskoða og uppfæra ákvæði laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, telur sambandið rétt að benda ráðuneytinu á að við þá skoðun þurfi mögulega einnig að huga að sjónarmiðum um persónuvernd þegar kemur að innritun í framhaldsskóla. Hafa persónuverndarfulltrúar sveitarfélaga komið sjónarmiðmiðum sínum þess efnis á framfæri gagnvart sambandinu. Telja persónuverndarfulltrúar sveitarfélaga það vera brýnt að fengin sé skýrari lagastoð fyrir miðlun persónuupplýsinga frá grunnskólum til framhaldsskóla vegna umsóknar nemanda um skólavist.

Þá þurfi mögulega einnig út frá sjónarmiðum um hagkvæmni að skýra nógildandi reglur betur m.t.t. fyrirkomulags innritunar. Hefur þeirri spurningum verið velt upp að í stað þess að viðkomandi grunnskóli afli samþykkis fyrir miðlun persónuupplýsinga til framhaldsskóla, vegna umsóknar um skólavist, að þá væri e.t.v. nærtækara að viðkomandi framhaldsskóli afli sjálfur tilskilinna heimilda. Væri unnt að gera slíkt t.d. með því að bæta við samþykkisheimild í innskráningarferli hlutaðeigandi nemanda ef og þegar hann sækir um skólavist í framhaldsskóla. Má benda á [3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 897/2009](#) í þessu sambandi.

Þá er að lokum góðfúslega bent á að bæði fulltrúar frá sambandinu og hlutaðeigandi persónuverndarfulltrúar sveitarfélaga eru reiðubúin að mæta á fund ráðuneytisins til þess að ræða framangreind sjónarmið betur, komi fram beiðni þar um.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs